

# REITIR

## Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 17. desember 2018 vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Grunnlýsing dagsett 17. desember 2018 útgefin af Reitum fasteignafélagi hf., ásamt viðauka við hana frá 14. maí 2019, (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Reitir eða félagið), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Í 4. kafla grunnlýsingarinnar er að finna form endanlegra skilmála skuldabréfanna. Í lið 4, Endurgreiðsla höfuðstóls, í hluta I: skilmálar, eru tilgreindir mögulegir endurgreiðslumátar skuldabréfanna. Með viðauka þessum er lagfært orðalag í endanlegu skilmálunum þannig að í lýsingu á endurgreiðsluferlinu sé ekki talað um „jafngreiðsluferli“ heldur „endurgreiðsluferli höfuðstóls sem væri jafnt“ yfir tiltekið tímabil. Verður liður 4 svohljóðandi eftir uppfærslu:

### 4 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls:	[ [Jafnar afborganir / Ein afborgun] og gilda greinar 4.1 og [4.1.a / 4.1.b] um tilhögun og útreikning afborgana. ]	[ Jafnar greiðslur og gilda greinar 4.2 og [4.2.a / 4.2.b] um tilhögun og útreikning afborgana. ]	[ Óreglulegar afborganir og gilda greinar 4.3 og [4.3.a / 4.3.b] um tilhögun og útreikning afborgana. ]
---------------------------	---	---	---

[Fjöldi og tíðni afborgana (um [jafnar afborganir / eina afborgun / jafnar greiðslur] er að ræða): [[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti allt fram til lokagjalddaga] / [Ein afborgun]]]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um óreglulegar afborganir er að ræða): [[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti með endurgreiðsluferli höfuðstóls sem væri jafnt yfir [●] [ár / mánuði] þannig að á hverjum gjalddaga fram að lokagjalddaga greiðist [●/●] af höfuðstólnum og á lokagjalddaga greiðast [●/●] af höfuðstól, sem samsvarar eftirstöðvum höfuðstólsins]].

Fyrsta greiðsla afborgana: [Dagsetning]

Lokagjalddagi: [Dagsetning]

-----

### Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Reita fasteignafélags hf., kennitala 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Reita fasteignafélags hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 28. maí 2019

Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.

  
Þórarinn V. Þóráinsson  
formaður stjórnar

  
Guðjón Auðunsson  
forstjóri